

**Fundargerð**  
**268. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Þriðjudaginn 30. apríl 2019 kl. 12<sup>00</sup> – 13<sup>50</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGP), formaður  
Benedikt S. Benediktsson (BSB)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HPH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Rekstraráætlun
- (3) Glerumbúðir
- (4) Ökutæki

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([267. fundar](#)).

*Samþykkt*

### 2. Rekstraáætlun

Framhaldið var umræðu frá síðasta fundi. ÓK fór yfir stöðu hvers vöruflokkks og breytingar á úrvinnslugjaldi ef með þarf til að ná jafnvægi í rekstri. Stjórn fór yfir væntanlegar breytingar á úrvinnslugjaldi vegna þessara vöruflokka m.t.t. að ná jafnvægi í rekstri.

### 3. Glerumbúðir

Lagt var fram á fundinum erindi frá UAR er varðar glerumbúðir. ÓK sagði frá undirbúningi starfsmanna Úrvinnslusjóðs, vegna erindis UAR, einnig að til stæði að ræða við forráðamenn fyrirtækja og samtaka atvinnulífsins um nánari útfærslu á álagningu úrvinnslugjalds á glerumbúðir. Ræddi hann um hugsanlegt samstarf Endurvinnslunnar og Úrvinnslusjóðs við meðhöndlun á glerumbúðum.

### 4. Ökutæki

ÓK fór yfir að Úrvinnslusjóður er í viðræðum við Samgöngustofu og Fjársýslu ríkisins um að færa skilavottorð í rafrænt form. Móttökuaðili ökutækis gefur út skilavottorð og staðfestir þar

*G.G.P.* *ZB* *BF* *BTU*

með að hann hafi tekið á móti ökutæki til úrvinnslu. Skilavottorðið er jafnframt beiðni til Samgöngustofu um afskráningu ökutækis.

Farið var yfir á fundinum að fallist hafi verið á ósk Úrvinnslusjóðs að haldinn verður fundur hjá UAR um drifrafhlöður í ökutækjum þann 9. maí næstkomandi. Á fundinn mæta fulltrúar frá Bílgreinasambandinu (bifreiðaumboðum), FÍB, Umhverfisstofnun og þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs. Hugmyndin er að þessir aðilar komi á framfæri sínum sjónarmiðum um söfnun og ráðstöfun drifrafhlæða og fjármögnum verkefnisins. Stjórnarmenn ræddu stöðu raf- og tvíorkubíla á markaði og mögulegar leiðir til að tryggja rétta meðhöndlun drifrafhlæðna er falla til við niðurrif og endurnýtingu á slíkum bílum. GGP sagði að áríðandi væri að fá niðurstöðu sem fyrst frá UAR um aðkomu Úrvinnslusjóðs vegna þessara rafhlæðna.

## 5. Takmarkanir á urðun

Stjórn ræddi á fundinum þá stöðu að allt bendir til að verulegar takmarkanir verði á urðun á næstu árum. Starfsleyfi til reksturs urðunarstaðar í Álfnesi rennur út 2021. Sveitarfélög á Suðurlandi eru að leita leiða með úrgang af svæðinu eftir að móttöku hans var hætt hjá Sorpu í Álfnesi. ÓK sagði frá því að þjónustuaðilar hafa rætt við Úrvinnslusjóð um málið. Þjónustuaðilar hafi í athugun á útflutning á böggvum úrgangi til orkuvinnslu í Evrópu. Í viðræðum við þjónustuaðila hafa þeir bent á að í úrganganum er töluvert af umbúðum úr pappa og plasti og hafa rætt um greiðsluþáttöku sjóðsins vegna orkuvinnslu. Stjórnarmenn ræddu hugsanlega greiðsluþáttöku Úrvinnslusjóðs vegna pappa- og plastumbúða sem eru í úrganganum. Stjórnarmenn sjá ýmsa vankanta á að greiða fyrir slíkan óflokkaðan úrgang og telja það jafnvel stríða gegn markmiðum úrvinnslugjalds um að auka endurvinnslu með hagrænum hvötum.

## 6. Önnur mál.

GGP ítrekaði að enn lægi ekki fyrir ársrekningur fyrir árið 2017 sem og fyrir árið 2018. Ekkert hefur heyrst frá Reiknisskilaráði.

ÓK sagði frá væntanlegu útboði Sorpu á meðhöndlun á raf- og rafeindatækja úrgangi er falla til á móttökustöðvum.

Næsti fundur ákveðinn 14. maí 2019.

Fundi slitið kl. 13.50

H. S. Þ.  
H. J. Jónsen  
6.6.19  
Björn Grunlaugsd.